

Veitur ohf  
B.t. Anna Nielsen  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

Reykjavík 29. ágúst 2018  
UST201808-106/I.M.B.  
09.07.01

**Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - jarðstrengur- Rauðhólar**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Veitna ohf. dagsett 16. ágúst 2018, um leyfi til lagningar 11kV jarðstrengs og niðurrif loftlínu frá Suðurlandsvegi að Gvendarbrunnum haustið 2018.

Rauðhólar eru friðlýstir sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 185/1974.

Óheimilt er að gera á svæðinu mannvirki né gera jarðrask, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

**Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir lagningu 11 kV jarðstrengs innan fólkvangsins og niðurrif á 11 kV loftlínu sem liggur frá Suðurlandsvegi að Gvendarbrunnum. Verður jarðstrengurinn með áleiðara og plasteinangrun (3x240 mm<sup>2</sup> Al PEX). Þvermál strengsins er 6,5 cm. Með jarðstrengnum verður lagður ljósleiðari til fjarskipta. Lengd jarðstrengsins verður um 2,1 km og verður hann grafinn ofaná 900 mm vatnsveitulögn sem lögð var 1992 (aðalæð 2) og því á svæði sem þegar er raskað vegna þeirrar framkvæmdar. Strengurinn mun liggja ofan á vatnsveitulögninni. Grafið verður ofan af henni og í botn skurðarins verður lagður 50 mm<sup>2</sup> jarðvír úr kopar, þá sandað undir og sitt hvoru megin við jarðstreng og stýristreng og skurðurinn síðan fylltur með jarðvegsfyllingu. Dýpt niður á strenginn verður um 70 cm. Strengurinn verður alls staðar lagður í kant vega eða slóða. Á tveimur stöðum þarf að þvera ár. Annars vegar mun hann liggja undir göngu-/reiðbrú yfir Bugðu og hins vegar grafinn í farveg Suðurár.

Loftlinan, sem á að rífa, liggur frá loftlinu meðfram Suðurlandsvegi að Gvendarbrunnum. Við niðurtekt loftlinunnar eru leiðarar losaðir af staurunum og undnir upp á kefli. Staurarnir eru þá hífðir upp úr jörðinni með vélgröfu og þverslán losuð frá. Ekki þarf að grafa frá staurunum og fyllt er jafnóðum í holurnar. Notuð verður grafa sem er útbúin stórum og belgmiklum dekkjum til að hún marki sem minnst yfirborð landsins. Grafan mun flytja staura, leiðara og annan búnað úr línumni á heppilega staði til að vörubill geti sótt efnið.

Gert er ráð fyrir að niðurtekt línumunnar verði unnin á þeim árstíma þegar jarðvegur er sem þurrastur á svæðinu, þ.e. seinni parts sumars. Starfsmenn Veitna munu sjá um framkvæmdina. Ekki er þörf á uppsetningu annarra mannvirkja innan svæðisins vegna verkefnisins og ekki verður þörf á að fara út fyrir slóða heldur verða þeir sem fyrir eru nýttir. Framkvæmdin er talin minnnka hættu á á lagi á náttúru þar sem framkvæmdin gerir umsækjanda kleyft að færa diesel varaflsvélar út fyrir vatnsverndarsvæðið og með niðurtekt loftlinu.

Framkvæmdirnar munu hafa lítilsháttar rask á jarðvegi, gróðri og dýralífi en umfang framkvæmdanna er lítið og afmarkast við þegar raskað svæði. Umsækjandi stefnir að því að eftir framkvæmdir muni ásýnd svæðisins verða eins og það var með þeirri undantekningu að loftlína verður farin sem muni bæta ásýnd svæðisins. Áhersla verður á góðan lokafrágang. Innan við 10 manns munu vinna að framkvæmdunum og notuð verður grafa, vörubifreið, útdráttarvagn og vinnubílar starfsmanna við framkvæmdirnar.

### ***Mat á umhverfisáhrifum-tilkynning***

Framkvæmdir við lagningu jarðstrengsins og niðurrif loftlinu eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar. Óskaði umsækjandi eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdirnar væru háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu á fyrirhuguðum framkvæmdum frá 30. júlí 2018, er það niðurstaða stofnunarinnar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki til þess fallna að rýra verndargildi svæðisins. Fyrirhuguð lega jarðstrengsins er í jaðri svæðisins og á áður röskuðu svæði og umferð vélknúina farartækja mun fara eftir stígum sem fyrir eru á svæðinu. Ljóst er að rask mun verða á gróðri í tengslum við framkvæmdina og er mikilvægt að gæta þess að halda því í lágmarki og vanda til við frágang til að minnka neikvæð áhrif framkvæmdarinnar. Niðurrif loftlinu mun auch þess bæta ásýnd svæðisins.

### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu 11kV jarðstrengs og niðurrif loftlinu innan fólkvangs Rauðhóla að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan stíga og slóða að verkefni loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólk þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Við frágang skurðar skal þess gætt við endurheimt gróðurs að hún sé í samræmi við gróðurfar á svæðinu og ekki sáð í sárið tegundum sem ekki finnast í vistgerðini.
- Gæta skal þess að framkvæmin sé í samræmi við skipulagsáætlunar.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.


**Leyfisgjald:**


Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Pórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur

